

Fimmtudaginn 21. mars 1991.

Nr. 117/1990. **Stefán Sigurðsson**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Miðnesi hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Vinnusamningur. Sjómannalög. Veikindaforföll.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Guðmundur Jónsson og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1989. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 294.960 krónur með ársdráttarvöxtum eins og hér greinir: 44,4% frá 1. júní 1988 til 1. júlí s.á., 52,8% frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% frá þeim degi til 1. mars s.á., 24% frá þeim degi til 1. apríl s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 18. desember 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi þann 15. þ.m., höfðaði Stefán Sigurðsson, nnr. 8361-9104, Vallarbarði 1,

Hafnarfirði, með stefnu, birtri þann 3. desember 1988 Gunnari Ólafssyni, stjórnarformanni Miðness hf., f.h. félagsins, til greiðslu skuldar, að fjárhæð 294.960, ásamt 44,4% dráttarvöxtum á ári frá 1. júní 1988 til 1. júlí s.á., 52,8% p.a. frá þeim degi til 1. ágúst s.á., 56,4% p.a. frá þeim degi til 1. september s.á., 49,2% p.a. frá þeim degi til 1. október s.á., 33,6% p.a. frá þeim degi til 1. nóvember s.á., 27,6% p.a. frá þeim degi til 1. desember s.á., 24% p.a. frá þeim degi til 1. janúar 1989, 21,6% p.a. frá þeim degi til 1. mars s.á., 24% p.a. frá þeim degi til 1. apríl 1989 og síðan með dráttarvöxtum skv. III. kafla laga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sér málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ auk 12% söluskatts.

Stefnandi krefst þess, að staðfest verði sjóveð í b/v Ólafi Jónssyni, GK-404, vegna ofangreindra krafna.

Meginkröfu sína í máli þessu sundurliðar stefnandi á þennan hátt:

a. Veidiferð 4.-12. maí 1988. Aflahlutur og sala á fiskmarkaði 89.309/1,25x1,5	kr. 119.960
Fatapeningar og endurgreitt fæði	kr. 5.345
b. Veidiferð 14.-23. maí 1988. Aflahlutur og sala á fiskmarkaði 114.121/1,25x1,5	kr. 136.945
Fatapeningar, föst laun og endurgreitt fæði	kr. 6.363
10,17% orlof af ofangreindu	kr. 27.228
Samtals	kr. 199.960 (sic)

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og hann dæmdur til þess að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Um málavexti eru aðilar sammála, en þeir eru á þá leið, að stefnandi, sem er vélstjóri á b/v Ólafi Jónssyni, GK-404, sem stefndi á og gerir út, fékk í veiðiferð í janúar 1988 ígerð í tennur í neðri gömi. Er hann kom í land, leitaði hann til tannlæknis, en það var ekki fyrr en eftir næstu veiðiferð, þann 18. febrúar 1988, sem stefnandi lét fjarlægja úr sér tvær framtennur úr neðri gömi vegna ígerðarinnar. Hafi tannlæknirinn síðan ákveðið, að heppilegast væri að loka skarðinu með tannréttingaraðgerð, eftir að hafa ráðfært sig við sérfræðing á þessu sviði, Ólaf Björgúlfsson tannlækni, sem tók að sér verkið. Ekki hafði Ólafur tíma til þess að sinna stefnanda fyrr en í maí 1988, og þurfti stefnandi að koma til Ólafs dagana 9., 11. og 18. maí og auk þess dagana 28. júní og 11. ágúst 1988.

Af þessum sökum hafi stefnandi misst af tveimur veiðiferðum í maí, þ.e. veiðiferð 4.-12. maí og 14.-23. maí 1988, og vegna þeirra gert kröfu um

greiðslu veikindakaups. Enginn ágreiningur er varðandi útreikning stefnukröfu og dráttarvexti.

Dómkröfur stefnanda eru studdar þeim rökum, að hann eigi rétt til launa í veikindaforföllum, þar sem um sjúkdóm eða veikindi hafi verið að ræða, en ekki nein þau atriði, er stefnandi geti sjálfur borið ábyrgð á, og bendir á rétt sinn byggðan á 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 og ákvæði 1.28 í kjarasamningi LÍÚ og FFSÍ frá 1987. Að því er varðar tímann, sem valinn var til þeirra aðgerða á stefnanda, sem af sérfræðingum voru taldar nauðsynlegar, réðst hann af því, hvenær umræddir sérfræðingar hefðu tíma lausan til þess að framkvæma þær. Krafan um staðfestingu sjóveðs er byggð á 1. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar, sbr. og 198. gr. sömu laga.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær í merkingu 1. mgr. 36. gr. sjómannalaga, sem sé algert skilyrði þess, að sjómaður eigi rétt á veikindakaupi. Ekkert hafi verið eðlilegra en stefnandi hafi viljað láta loka tannskarðinu, bæði af útlitsástæðum auk þess sem því kunni að fylgja óþægindi að vera með skarð í framtönnum, og því þurft að vera í landi, meðan á því stóð, en slíkt hafi ekkert með óvinnufærni að gera út af fyrir sig. Ekki dregur stefndi í efa, að stefnanda hafi verið „jafnvel nauðsyn“ að leita tannlæknis, en hins vegar breyti það ekki þeirri staðreynd, að stefnandi hafi verið fullvinnufær, þegar hann fór í tannréttinguna þann 9. maí 1988. Nefnir stefndi í því sambandi, að stefnandi hafi unnið við vélgæslu þann 11. maí 1988 og verið sama dag í tannréttingu.

Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu er, eins og áður segir, enginn ágreiningur um málavexti, heldur er tekist á um það, hvort stefnandi eigi rétt á launum, eins og um veikindi hafi verið að ræða, er hann gekk til sérfræðings í tannréttingum í því augnamiði að fá þá meðferð, er heppilegust þætti til þess að bæta úr afleiðingum ígerðar, er hann fékk, er hann var við vinnu sína, og leiddi til þess, að draga þurfti úr honum tvær framtönnur.

Ekki verður talið, að stefnandi hafi sýnt fram á það, að hann hafi verið ófær til vinnu, vegna þess að sjúkdómur eða veikindi hafi hamlað starfsgetu hans, enda þótt ekki sé í efa dregið, að honum hafi verið nauðsyn á að leita til tannlæknis. Hafi sú nauðsyn ekki tengst sjúkdómi eða veikindum með þeim hætti, að hægt sé að fallast á, að honum beri réttur til óskertra launa vegna sjúkdóms eða meiðsla í skilningi 1. mgr. 36. gr. laga nr. 35/1985. Samkvæmt þessu verða kröfur stefnanda ekki teknar til greina og stefndi vera sýkn af þeim.

Rétt þykir eftir atvikum málsins, að hvor aðili um sig beri sinn kostnað af rekstri þess.

Dóm þennan kvað upp Sveinn Sigurkarlsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Miðnes hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Stefáns Sigurðssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
